



Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 23. nóvember 2020

Erindi: Hámark verði sett á innheimtukostnað

Það var til mikilla bóta þegar loksins voru sett eiginleg innheimtulög á Íslandi árið 2008, og í kjölfarið jafnframt þak á frum- og milliinnheimtukostnað. Ekkert hámark er hins vegar á kostnaði við löginheimtu. Af fenginni reynslu telja Neytendasamtökin mjög brýnt að sett verði þak á heildarinnheimtukostnað líkt og nágrannaþjóðir hafa gert.

Á fimmta hundrað manns hafa leitað til Neytendasamtakanna vegna harðneskjulegra innheimtuaðgerða á undanförunum tveimur árum. Lántakendur eru varnarlausir gagnvart kostnaði innheimtufyrirtækja, þar sem þeir eiga ekki viðskiptasambandi við þau, heldur við kröfuhafa. Þá er viðskiptasamband kröfuhafa og innheimtufyrirtækja oft á þann veg að hvorugur hefur hag að því að leitað sé hagræðingar við innheimtu, á kostnað neytenda.

Þess má geta að smálánafyrirtækin nýta sér þessa gloppu. Eftir vel heppnaðar breytingar á lögum um neytendalán þar sem þak var sett á vexti, nýta smálánafyrirtæki nú það að ekkert hámark er á innheimtukostnaði og hala inn sömu og jafnvel hærri upphæðum í gegnum innheimtugjöld og þau gerðu áður með okurvöxtum. Þannig hafa Neytendasamtökin séð dæmi þess að nokkur hundruð króna umdeildar kröfur beri tugþúsunda innheimtukostnað.

Það er mat Neytendasamtakanna að með því að setja þak á innheimtukostnað er fótunum að miklu leyti kippt undan starfseminni. Slíkt þak þarf ekki að raska starfsemi heiðvirkra innheimtufyrirtækja, enda væri það langtum herra en það sem gengur og gerist, en bregður fæti fyrir þau fyrirtæki sem nýta sér ágalla kerfisins.

Neytendasamtökin leggja til að hámark innheimtukostnaðar nemi sömu upphæð og upphaflegur höfuðstóll neytendaláns. Þannig mætti innheimtukostnaður 100.000 kr. neytendaláns nema að hámarki samtals 100.000 kr. Þetta hafa Danmörk og Svíþjóð þegar gert. Lögum þar í landi hefur verið breytt og þak sett á innheimtukostnað neytendalána hvaða nafni sem hann nefnist. Innheimtukostnaðurinn má þannig aldrei vera hærri en lánið sjálft.

Neytendasamtökin kalla eftir að lögum verði breytt í sömu veru hér á landi og óska eftir frekara samráði til að ná þessum brýnu og löngu tímabæru lagabreytingum tafarlaust. Þá minna samtökin á annað erindi sitt, „Stoppað í gloppu í innheimtulögum“ um þörf á eftirliti með innheimtufyrirtækjum sem sent var ráðuneytinu 13. júlí sl.

Virðingarfyllst,

Breki Karlsson
formaður Neytendasamtakanna